

Athugasemd.	1873.
Í jarðabókarsjóðnum 31. marz 1871 . . . . .	18,016 30
Tekjur við jarðabókarsjóðinn samkvæmt fjárhags- áætlun . . . . .	18,788. 52
Tekjur við jarðabókarsjóðinn, sem eigi eru á fjár- hagsáætlun og á að borga út aptur . . . .	82,512. 79
	119,317. 65.
Útgjöld við jarðabókarsjóðinn samkvæmt fjárhags- áætlun . . . . .	72,683. 26
Útgjöld við jarðabókarsjóðinn, sem eigi eru á fjárhagsáætlun og sem verða endurgoldin aptur	21,640. 28
	94,323. 52
Í jarðabókarsjóðnum 31. marz 1872 . . . . .	24,994. 13 <sup>1</sup>

**2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um uppreist á æru.** 11. janúar.

Eftir að vèr með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 9. oktrm. f. á., höfðum fengið ítarlegri skýrslur um bænarskrá nokkra, þar sem Jón bóndi Pétursson á Grindum sækir um uppreist æru sinnar, hefir dómsmálastjórnin borið málið upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknazt 18. f. m. allramildilegast, að veita tæðum Jóni Péturssyni uppreist á æru, eins og hann hafði sókt um.

Þetta gefum vèr yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtid það hlutadeiganda, og mælumst vèr til, að þér fáid honum leyfisbrèf það, sem með fylgir.

<sup>1</sup>) Athugasemdirnar við þetta „reikningsyfirlit“, sem eru einungis á Dönsku, eru islenzkaðar í Skýrslum um landshagi á Íslandi V., 527—549, og þar við tengdar nokkrar skýringar (sst. bls. 550—552).